



Kennari:	Ásbjörg Benediktsdóttir	Skammst.	ÁBE
----------	-------------------------	----------	-----

TUNGUMÁL, SAMFÉLAG OG SAMSKIPTI – FÉLAGSLEG MÁLVÍSINDI

ÁFANGALÝSING:

Í áfanganum er fjallað um áhrif félagslegra þátta á málfar, t.d. atvinnu, búsetu og kyns. Farið verður í ýmislegt sem tengist máltöku barna og tjáskiptum þeirra við fullorðna. Ýmsar nýlegar málfarsbreytingar kynntar og rannsakaðar. Jafnframt verður fjallað um sérstöðu mannsins þegar kemur að tjáskiptum almennt. Auk þess skoða nemendur hvort málsnið og málfar á netinu sé á einhvern hátt frábrugðið því sem gerist og gengur í raunheiminum og hvaða áhrif samfélagsmiðlar hafa haft á tungumálið. Fjallað verður um það hvernig táknmál er uppbyggt og það tengt líkamstjáningu heyrandi fólks. Rætt verður um málstöðvar heilans og áhrif áfalla á þær. Nemendur kynna sér fræðilegar greinar sem tengjast efninu og vinna einnig margvíslegar málfarsrannsóknir. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og viðurkenndar rannsóknaraðferðir, viðeigandi meðferð og frágang heimilda. Verkefni eru fjölbreytt og reyna á frumkvæði, víðsýni og gagnrýna hugsun. Nemendur kynna verkefni, bæði einir og með öðrum.

MARKMIÐ:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Máltöku barna
- Sérstöðu mannsins þegar kemur að tungumáli
- Félagslegum þáttum sem geta haft áhrif á málfar fólks
- Mismunandi mállýskum, bæði stað- og stéttbundnum
- Áhrifum samfélagsmiðla og annarrar nútímatækni á þróun tungumáls
- Margvíslegum tjáskiptum, yrtum sem óyrtum
- Heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- Orðaforða sem nægir til þess að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna mismunandi málfarsathuganir
- Beita viðurkenndum rannsóknaraðferðum
- Greina ýmis félagsleg einkenni tungumáls
- Aðgreina raunverulegt og tilbúið málumhverfi
- Skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn
- Nota málfraeðihugtök tengd efninu
- Beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- Draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra



- Ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- Flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Átta sig á áhrifum félagslegra þátta á tungumál og samskipti
- Leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, t.d. með því að nýta málfræðiupplýsingar og þekkingu sína á íslensku málkerfi
- Skilja hvernig og hvers vegna tungumál þróast
- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- Taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- Beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- Nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu
- Vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

NÁMSGÖGN:

Tungutak: Félagsleg málvísindi eftir Ásdísi Arnalds og Sólveigu Einarsdóttur. Útgefandi er JPV-útgáfa og bókin kom út árið 2010.

Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu. Stuðst verður við APA-kerfið í heimildaskráningu. Slóðin er: <https://ritver.hi.is/is>.

Efni frá kennara, á Moodle.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSPÁTTA:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttu
Lota 1: Mál er að mæla	Máttur tungumálsins í ýmsum textum skoðaður og ræddur. Rýnt í texta þar sem tungumálið er markvisst notað til þess að hafa áhrif á fólk eða draga úr vægi þess sem sagt er.	<i>Tungutak</i> bls. 11-17 og efni frá kennara. Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatspáttu.	Vinnuspurningar og hugleiðingar í tengslum við efnið, að jafnaði vikuleg skil alla önnina (20%) Veggspjald (10%) Rafrænt verkefni í málfræði (5%)



	<p>Tjáning manna borin saman við tjáningu annarra dýra. Nemendur kynna sér tjáningu valinna dýrategunda eða apa sem lært hafa táknmál og flytja fyrir samnemendur, auk þess að skila glærupakka. Helstu hugtök í málfræði rifjuð upp, þ.e. orðflokkar, setningarhlutar, aðal- og aukasetningar.</p>		
<p>Lota 2: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft</p>	<p>Líffræðileg hlið tungumála: Farið í máltöku barna, frá hjali að fullmótuðum setningum, og tengslum hennar við líffræðilegan þroska barna. Þá verður rætt um tvítýngi og ýmis frávik í málþroska. Jafnframt verður fjallað um málstöðvar heilans og áhrif höfuðáverka og ýmissa sjúkdóma á málfar. Farið verður í orðhluta og hljóðfræði og hljóðritun æfð.</p>	<p><i>Tungutak</i> bls. 18-55, 87-92 og efni frá kennara.</p> <p>Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatspátta.</p>	<p>Vinnuspurningar og hugleiðingar í tengslum við efnið, að jafnaði vikuleg skil yfir alla önnina (20%)</p> <p>Rafrænt verkefni í orðhlutum og hljóðfræði (5%)</p> <p>Glærुकyning: Myndabók fyrir yngstu börnin greind, m.a. út frá lykllum Moebiusar (15%)</p>
<p>Lota 3: Auðveldara er að tala en að segja eitthvað</p>	<p>Félagsleg hlið tungumála: Farið í landfræðilegar (staðbundnar) og félagslegar mállýskur, í hverju mállýskumunur getur birst og hvernig má skýra lítinn mállýskumun á Íslandi. Skilgreiningum málfars í rétt mál og rangt velt upp og þær settar í samhengi við þróun tungumála. Sjónum verður beint að táknmáli og óyrtri tjáningu og birtingarmyndum</p>	<p><i>Tungutak</i> bls. 57-83, 93-107 og efni frá kennara</p> <p>Heimalestur og verkefnavinna eftir því sem yfirferð vindur fram, auk námsmatspátta.</p>	<p>Vinnuspurningar og hugleiðingar í tengslum við efnið, að jafnaði vikuleg skil yfir alla önnina (20%)</p> <p>Greinargerð um íslensk mannanafnalög þar sem m.a. er tekin afstaða til þess hvort þörf er á slíkum lögum (10%). Skylduverkefni</p> <p>Lokapróf í próftöflu úr efni annarinnar (35%), bæði undirbúnar og óundirbúnar prófspurningar</p>

ÍSLE3TS05 - fjarnám Námsáætlun vorannar 2025



Verkenntaskólinn á Akureyri

	<p>hennar í netheimum. Rætt sérstaklega um íslensku sem kynbundið mál sem birtist m.a. í beygingum og vísun í fólk með eiginöfnum og fornöfnum. Nemendur kynna sér lög um mannanöfn og taka afstöðu til þess hvort þörf er á slíkum lögum.</p>		
--	--	--	--

NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSPÁTTA:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Málfræðihugtök	Rafræn verkefni á Moodle (2x5%). Einstaklings-/paraverkefni	10%	
Veggspjald	Nemendur kynna sér tjáningu og samskipti tiltekinna dýrategunda og útbúa veggspjald. Einstaklings-/hópverkefni (2-3 í hópi)	10%	
Glærukynning	Nemendur skila greiningu á myndabók fyrir yngstu börnin og handriti. Einstaklings-/paraverkefni	15%	
Ritun og lesskilningur	Vinnuspurningar og hugleiðingar í tengslum við efni hvarrar lotu, að jafnaði vikuleg skil (20%). Einstaklingsverkefni Greinargerð: Nemendur kynna sér íslensk mannanafnalög og gera grein fyrir þeim í stórum dráttum og hvers vegna þau hafa verið umdeild, auk þess að taka afstöðu til þarfarinnar fyrir slík lög (10%). Einstaklingsverkefni. Skylduverkefni; allir nemendur þurfa að skila þessu verkefni.	30%	
Lokapróf	Skriflegt lokapróf í annarlok. Einstaklingsverkefni	35%	
	Samtals:	100%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.

Annað: Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatspáttum. Þeir sem skila verkefnum eftir að skilafrestur er runninn út geta vænst þess að vera dregnir niður skv. reglum íslenskudeildar (sjá Moodle). Fylgist því vel með og vinnið jafnt og þétt yfir önnina.

Nemendur sem lána eða fá lánuð verkefni frá öðrum, þ.m.t. gervigreind eins og ChatGPT, fá einkunnina 0.

ATH! Ef sú staða kemur upp að nemendur geta ekki skilað verkefni á tilsettum tíma er mikilvægt að heyra í kennara áður en skiladagur rennur upp.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag náms og kennslu er að finna á Moodle-síðu áfangans, s.s. upplýsingar um yfirferð hvarrar viku o.fl.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.